



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 15. desember 2016.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá því í gær þar sem kallað er eftir umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál.


Þó flestir lækna sem starfa hjá ríkinu séu í Almenna lífeyrissjóðnum er stór hluti heilsugæslulækna sjóðsfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Allar breytingar á sjóðnum skipta þennan hóp lækna því máli og Lí lætur frumvarpið því til sín taka. Lí leyfir sér því að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum:

1. Frumvarpið tekur mið af nýgerðu Samkomulagi heildarsamtaka opinberra starfsmanna og ríkis og sveitarfélaga. Lí var ekki boðin aðkoma að gerð þess samkomulags og er ekki aðili að því. Lí er því alls óbundið af samkomulaginu gagnvart þeim félagsmönnum sínum sem greiða til A-deildar LSR.
2. Með frumvarpinu er verið að breyta lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna og samræma lífeyrisréttindum á almennum markaði. Í því sambandi verður að minna á það að Hæstiréttur hefur í dómum staðfest að heimild löggjafans til að skerða lífeyrisréttindi er takmörkuð. Í frumvarpinu er einhliða fullyrt að frumvarpið standist stjórnarskrá. Æskilegt hefði verið að fyrir því hefðu verið færð betri rök en gert er.
3. Frumvarpið gerir ráð fyrir allmiklum skerðingum á lífeyrisréttindum þeirra sem nú greiða til A-deildar LSR. Auk þess mun lífeyrisaldur þeirra hækka úr 65 árum í 67 ár. Ekki er ljóst af frumvarpinu hvernig á að bæta ríkisstarfsmönnum þessa skerðingu en rætt er um að hún verði bætt með hærri launum. Engin skuldbinding loforð af hálfu ríkisvaldsins liggja fyrir um það að skerðingin verði bætt.
4. Hér er um flókið og yfirgripsmikið mál að ræða. Óskiljanlegur er sá flýtir sem hafður er á meðferð málsins. Hagsmunaaðilum er gefinn réttur sólarhringur til að veita umsögn. Slík vinnubrögð um svo veigamikið mál eru ekki til fyrirmyndar.

Lí getur ekki fyrir sitt leyti mælt með því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd og leggur til að afgreiðslu málsins verði frestað.

Fulltrúar Lí eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vegna frumvarps þessa, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,


Þorbjörn Jónsson,
formaður.